

Fimmtudaginn 5. desember 1996.

Nr. 336/1995.

Elís Þorsteinsson

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Dalabyggð

(Páll A. Pálsson hrl.)

Landamerki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1995. Hann krefst þess, að landamerki jarðanna Fjósa og Hrappsstaða í Dalabyggð verði ákveðin sem bein lína frá Digruvörðu ($x=100049$; $y=199809$) til Hvammsfjarðar í punkt A ($x=100597$; $y=200106$) samkvæmt uppdrætti Bjarna Johansen tæknifræðings í ágúst 1988 af hluta jarðanna. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt tvö ný vottorð, er stefndi hefur mótmælt sem of seint fram komnum. Vottorðsgjafar hafa ekki gengið á merki, svo að séð verði, og ekki komið fyrir dóm. Verður dómur ekki byggður á þessum vottorðum. Þá hafa aðilar sameiginlega lagt fyrir réttinn loftljósmynd frá 18. júlí 1986 af hluta úr landi Fjósa og Hrappsstaða. Á ljósmyndina hefur verið mörkuð dómlína Héraðsdóms Vesturlands frá Digruvörðu ($x=100049$; $y=199809$) til punktsins E ($x=100172$; $y=200048$) og þaðan áfram til punktsins B ($x=100284$; $y=200268$). Áðursögð kröfulína áfrýjanda hefur einnig verið færð á myndina. Hæstaréttardómarar hafa farið á vettvang ásamt áfrýjanda og vitninu Friðjóni Þórðarsyni, fyrrum sýslumanni, og lögmönnum aðila. Var gengið á merki jarðanna við Digruvörðu og á þá staði, sem aðilar miða við í kröfugerð. Kom fram, að þarna

hefur landinu verið raskað verulega á nokkrum stöðum. Við punkt merktan E á ljósmyndinni hafa verið sorphaugar, og einnig hefur þangað verið ekið efni úr grunnum húsa í Búðardal. Við punkt merktan A á ljósmyndinni hefur efni verið tekið til hafnarinnar í Búðardal. Þá hefur hluti þrætusvæðisins verið ræktaður frá kaup-túninu.

II.

Aðilar reisa báðir kröfur sínar á landamerkjabréfi Hrappsstaða frá 29. júní 1919, sem þinglýst var 1. júlí sama ár. Lýsingu merkja milli Fjósa og Hrappsstaða lýkur svo í því bréfi: „... eftir honum í Digruvörðu, en frá henni sjónhending í Brekkuhöfða til sjávar“. Bréfið endar þannig, eftir að norðurmörkum jarðarinnar hefur einnig verið lýst: „Þaðan ræður Hvammsfjörður til Brekkuhöfða.“ Aðila greinir á um, hvar kennileitið Brekkuhöfða er að finna. Áfrýjandi heldur því fram, að hann sé alveg úti við sjó, þar sem merkt er A á fram lagðri ljósmynd, en þar eru klettur í sjó fram, og er þá höfðinn framhald sjávarbakkans, en frá landinu séð verður þarna ekki mikil mishæð. Staðurinn sést ekki frá Digruvörðu. Stefndi heldur því fram, að Brekkuhöfði sé þar, sem nú er ávöl hæð, sem sést frá Digruvörðu, og er punktur E merktur þar á ljósmyndinni. Hæðin er spölkorn frá sjónum, og frá henni er brekka niður að sjávarbakka. Vegna jarðrasksins, sem orðið hefur á þessum hluta jarðanna Fjósa og Hrappsstaða, er erfiðleikum bundið að gera sér grein fyrir staðháttum eftir lýsingu landamerkjabréfsins. Það þykir þó styðja það, að Brekkuhöfða sé að finna við punktinn E, að þangað sést frá Digruvörðu, sbr. orð landamerkjabréfsins: „... sjónhending í Brekkuhöfða ...“. Fjarlægð kennileitisins frá sjó er ekki meiri en svo, að ekki hefur á þeim tíma, sem merkjabréfið var gert, verið óeðlilegt að miða við hæðina í heildarlýsingu merkjanna, þegar haldið er frá Digruvörðu.

Sigtryggur Jónsson, er undirritaði landamerkjabréfið vegna Hrappsstaða, bjó á jörðinni um langt árabíll. Jón og Sigurbjörn, synir hans, sem ólust þar upp, hafa gefið um það yfirlýsingu, að þeir hafi farið að tilhlutan Péturs Þorsteinssonar, fyrrum sýslumanns, og rannsakað, hvort nokkur ummerki sæjust um girðingu, sem þarna var sett niður á árunum 1930-1931. Telja þeir sig hafa séð greinilegar

leifar hennar einkum niður á sjávarkambinum og þaðan brekkuna upp á höfðann, þar sem sorpeyðingarstöð var sett. Það er skoðun þeirra og sannfæring, að girðingin hafi verið sett niður á landamerkjum jarðanna og um það hafi verið fullkomið samkomulag milli föður þeirra, þáverandi eiganda og ábúanda Hrappsstaða, og Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns, þáverandi rétthafa kirkjujarðarinnar Fjósa. Þessa yfirlýsingu hafa þeir bræður staðfest fyrir dómi. Vitnisburður Friðjóns Þórðarsonar sýslumanns, sem seldi áfrýjanda Hrappsstaði, styður þessa yfirlýsingu. Verður við það að miða, að samkomulag hafi verið milli eigendanna um mörkin á þeim tíma, sem girðingin var gerð. Samkvæmt gögnum málsins virðist ekki hafa verið gerður ágreiningur um mörkin fyrr en árið 1986. Framburður bræðranna þykir geta komið heim við lýsingu landamerkjabréfsins og staðhætti. Á uppdrátt, sem fram kemur á héraðsdómsskjali nr. 30, er mörkuð lína frá Digruvörðu sem næst eftir girðingarstæði því, er þeir bræður Sigtryggssynir greina frá í framburði sínum, og í punktinn C. Þessi lína þykir eðlilega dregin miðað við þær framkvæmdir, sem þarna hafa verið gerðar, og það, sem ætla má um fyrri ummerki á staðnum. Verður hún lögð til grundvallar dómi í máli þessu.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð :

Markalína jarðanna Fjósa og Hrappsstaða skal dregin úr Digruvörðu ($x=100049$; $y=199809$) í beina stefnu að punkti C ($x=100318$; $y=200164$), eins og fram kemur á meðfylgjandi uppdrætti.

Ákvæði héraðsdóms um málkostnað er staðfest.

Málkostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Haralds Henryssonar og

Guðrúnar Erlendsdóttur

Aðilar máls þessa deila um landamerki milli jarðanna Fjósa og Hrappsstaða í Dalabyggð, Dalasýslu, frá Digruvörðu til Hvamms-

fjarðar. Í landamerkjabréfi Hrappsstaða 29. júní 1919 er landamerkjum jarðarinnar lýst svo: „Að sunnan ræður Laxá. Að vestan eru merki milli Fjósa og Hrappsstaða úr lækjarsytru framanvert við Kistunef, þaðan í Pverrunna og eftir honum í Digruvörðu, en frá henni sjónhending í Brekkuhöfða til sjávar“. Eftir að norðurmörkum jarðarinnar hefur verið lýst, segir: „Þaðan ræður Hvammsfjörður til Brekkuhöfða.“ Ágreiningur aðila snýst um það, hvar þessi Brekkuhöfði sé, en ágreiningslaust er, að um hann liggi landamerkjalína milli Hrappsstaða og Fjósa. Áfrýjandi heldur því fram, að Brekkuhöfði sé höfði, sem gengur í sjó fram í Hvammsfjörð norðan við Búðardalskaupþún, merktur punktur A á loftljósmynd þeirri, sem um getur í I. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda. Stefndi heldur því fram, að Brekkuhöfði sé höfði, sem er í brekkum norðan Búðardals og merktur er punktur E á fyrrgreindri ljósmynd.

Auk framangreinds landamerkjabréfs eru í málinu nokkur gögn, þar sem lýst er staðháttum við Búðardal og landamerkjum jarðanna Hrappsstaða og Fjósa. Meðal annars segir svo í byggingarbréfi Boga Sigurðssonar fyrir Fjósum 1. ágúst 1900: „Landamerki ábýlis þessa eru: Laxá til sjávar, svo Hvammsfjörður og Búðardalshúsalóðir að Brekkuhöfða; úr þessum höfða í Digruvörðu...“. Í lóðarsamningi 20. október 1907 milli sóknarprestisins í Hjarðarholti og verslunar Sigurðssona um verslunarlóð í Búðardal er eftirfarandi ákvæði: „Jeg, Ólafur Ólafsson, leigi verzlun Sigurðssona lóð þá af Fjósalandi, er áður hafði... og með sömu merkjum að sunnan og austanverðu, en alla spilduna neðan frá merktum steinum að austan og vestan milli brúna hins eiginlega Búðardals, svo hátt upp, að nemi 120 föðum frá stórstreymisflæðarmáli.“ Með lóðarsamningi 1. nóvember 1913 leigði Ólafur Ólafsson Páli Ólafssyni lóð af Fjósalandi, 39.000 faðma að flatarmáli, „sem nær að utanverðu frá lóð verzlunar Sigurðssona inn að svo nefndum Brekkuhöfða 120 faðma upp frá stórstraumsflæðarmáli“. Í örnefnaskrá úr landi Hrappsstaða, sem samin var af Sigtryggi Jónssyni, sem bjó á Hrappsstöðum í meira en 40 ár, segir: „Við Hvammsfjörð er móti Fjósalandi lágur klettahöfði, sem heitir Brekkuhöfði, grasi vaxinn að ofan.“ Síðan er haldið áfram lýsingu á örnefnum meðfram ströndinni, þ. e. Sjávarbakkar, Þverholt og Illakelda. Í lýsingu Jóhanns Bjarnasonar á örnefnum í landi Fjósa segir: „Síðan sjónhending í Brekkuhöfða, sem

er kletthöfði, grasi gróinn að ofan. ...“. Lýsingar þessar benda allar til þess, að Brekkuhöfði hafi verið við sjó á þeim stað, sem áfrýjandi heldur fram.

Á svæði því, sem stefndi telur Brekkuhöfða vera á, voru sorphaugar Búðardalskaupþúns. Í afsali Friðjóns Þórðarsonar til áfrýjanda 31. desember 1959 er ákvæði þess efnis, að áfrýjandi leyfi íbúum Búðardals að aka sorpi og öðrum úrgangi „inn á landssvæði í Hrappsstaðalandi neðan Vesturlandsvegar,...“. Í fundargerð hreppsnefndar Laxárdalshrepps 18. janúar 1984 var samþykkt að ræða við eiganda Hrappsstaða um aðstöðu fyrir sorpeyðingu í landi hans. Þetta bendir til þess, að svæði þetta hafi verið í landi Hrappsstaða. Þá er og fram komið, að í útboðs- og verklýsingu stefnda vegna landbrotsvarna í Búðardal frá október 1983 er miðað við að vinna grjót úr klettastáli við Brekkuhöfða. Er óumdeilt, að grjót til þessara framkvæmda var tekið á þeim stað, sem merktur er punktur A.

Pegar allt framangreint er virt, verður að telja nægilega fram komið, að Brekkuhöfði sá, sem um er fjallað í landamerkjabréfinu frá 1919, hafi verið við sjó fram á þeim stað, sem áfrýjandi heldur fram.

Að því er varðar varakröfu stefnda, verður að telja ósannað, að hann hafi eignast hið umdeilda svæði fyrir hefð, sbr. 2. gr. hefðarlaga nr. 46/1905.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að taka beri kröfu áfrýjanda til greina og stefnda beri að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 7. júlí 1995.

I.

Mál þetta var dómtekið 16. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi. Það var endurupptekið 5. júlí til að kanna frekar landamerki jarðarinnar Hrappsstaða og gengið á landamerki jarðarinnar í því skyni. Stefnandi málsins er eigandi jarðarinnar Hrappsstaða, Dalasýslu, Elís G. Þorsteinson, kt. 050729-7619, Vogatungu 24, Kópavogi, en stefndi er Dalabyggð, kt. 510694-2019, Miðbraut 11, Búðardal, Dalasýslu.

Dómkröfur í aðalsök.

Dómkröfur aðalstefnanda eru þær í aðalsök, að landamerki milli jarðanna Fjósa og Hrappsstaða, Dalabyggð, Dalasýslu, frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar verði ákveðin sem bein lína frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar, dregin úr punkti, merktum D, til punkts, merkts A, á mæliblaði Bjarna Johansen tæknifræðings, dags. 16. mars 1988, sbr. dskj. nr. 29, sbr. uppdrátt eftir Bjarna Johansen af hluta úr landi Hrappsstaða og Búðardals (Fjósa), dags. í ágúst 1988, á dskj. nr. 30. Jafnframt krefst aðalstefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi aðalstefnda.

Aðalstefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og að landamerki jarðanna Hrappsstaða og Fjósa, Dalabyggð, Dalasýslu, verði ákveðin frá Digruvörðu að sjó sem bein lína frá punkti D (Digruvörðu), um punkt E (Brekkuhöfða), til punkts, merkts B (þar sem landamerki koma í sjó), á mæliblaði Bjarna Johansen, dskj. 29, sbr. og dskj. nr. 30, dags. í ágúst 1989.

Til vara krefst aðalstefndi þess, að viðurkennt verði með dómi, að aðalstefndi hafi unnið hefð á hinu umdeilda landsvæði, sbr. lög nr. 46/1905, með óslitinni athugasemdalausri notkun þess að minnsta kosti frá árinu 1964.

Í báðum tilvikum krefst aðalstefndi málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda að skaðlausu og að málskostnaður beri dráttarvexti, sbr. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Enn fremur krefst aðalstefndi virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988.

Dómkröfur í gagnsök.

Gagnstefnandi krefst þess aðallega, að landamerki jarðanna Hrappsstaða og Fjósa, Dalabyggð (áður Laxárdalshreppi), Dalasýslu, frá Digruvörðu í sjó verði ákveðin sem bein lína frá Digruvörðu, punkti D, um punkt E (Brekkuhöfða), til punkts B (þar sem landamerki koma í sjó), á mæliblaði Bjarna Johansen, dskj. nr. 29, sbr. og dskj. nr. 30, dags. í ágúst 1989.

Til vara krefst gagnstefnandi þess, að viðurkennt verði með dómi, að gagnstefnandi hafi unnið hefð á hinu umdeilda landsvæði, sbr. lög nr. 46/1905, með óslitinni notkun þess án athugasemda að minnsta kosti frá árinu 1964.

Í báðum tilvikum krefst gagnstefnandi málskostnaðar úr hendi gagnstefnda að skaðlausu og að málskostnaður beri dráttarvexti, sbr. 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Enn fremur er krafist virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, sbr. lög nr. 50/1988.

Gagnstefndi krefst sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda í gagnsök.

Aðilar málsins verða hér eftir nefndir aðalstefnandi og gagnstefnandi.

II.

Mál þetta var þingfest á reglulegu dómþingi 7. desember 1993. Aðalstefndi lagði fram greinargerð 15. mars 1994 og gagnstefnu 21. júní 1994. Greinargerð í gagnsök var lögð fram á dómþingi 6. september 1994. Með vísan til 28. gr. laga nr. 91/1991 samþykkti aðalstefnandi, að gagnsök kæmist að í málinu.

Aðalmeðferð málsins hófst með vettvangsgöngu 28. september 1994, en var frestað til 25. nóvember 1994 og lagt fyrir lögmenn aðila að leggja fram hnitamerkingar af landamerkjum. Fresta varð síðan margsinnis framhaldi aðalmeðferðar, vegna þess að hnitamerkingar lágu ekki fyrir, m. a. vegna mikilla snjóalaga.

Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 16. júní sl., en endurupptekið 5. júlí 1995 í þeim tilgangi að ganga á merki jarðanna Hjarðarholts og Hrappsstaða.

Aðild málsins breyttist eftir þingfestingu þess, þar sem hrepparnir Laxárdalshreppur, Suðurdalshreppur, Haukadalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur og Skarðshreppur höfðu sameinast í eitt sveitarfélag, Dalabyggð, eftir að mál þetta var höfðað. Hefur hið nýja sveitarfélag tekið við rekstri málsins af Laxárdalshreppi.

III.

Málavextir eru þeir, að með afsali, dagsettu 31. desember 1959, eignaðist aðalstefnandi jörðina Hrappsstaði í Laxárdalshreppi, nú Dalabyggð. Seljandi jarðarinnar samkvæmt afsali þessu var Friðjón Þórðarson, þáverandi sýslumaður Dalasýslu.

Friðjón Þórðarson hafði eignast jörðina Hrappsstaði með afsali, dagsettu 30. maí 1959. Með því afsali afsalaði Sigtryggur Jónsson jörðinni, en Sigtryggur keypti Hrappsstaði af Ólafi Ólafssyni árið 1918. Í heimildarbréfum vegna sölu jarðarinnar Hrappsstaða er landamerkja hennar ekki getið. Í landamerkjabréfi, dagsettu 29. júní 1919, sem þinglesið var 1. júlí sama ár, er landamerkjum jarðarinnar lýst svo: „...að sunnan ræður Laxá. Að vestan eru merkin milli Fjósa og Hrappsstaða úr lækjarsytru framanvert við Kistunef, þaðan í Pverrunna og eftir honum í Digruvörðu, en frá henni sjónhending í Brekkuhöfða til sjávar. Að austanverðu milli Hjarðarholts og Hrappsstaða: Úr Laxá í stóran stein framanvert við Rjúpnalág, þaðan sjónhending í Brekkubarðið fyrir framan túnið, þaðan bein stefna í nokkuð stóran sjerstakan stein á innanverðum hálsinum, framanvert við Vatnsklett,

og svo þaðan eftir miðju Keldudragi, sem neðst er nefnt Illakelda, til sjávar. Þaðan ræður Hvammsfjörður til Brekkuhöfða. . .“

Gagnstefnandi eignaðist jörðina Fjósa með afsali, dags. 13. mars 1973, en þá afsalaði landbúnaðarráðherra gagnstefnanda jörðinni. Ríkissjóður mun hafa átt jörðina Fjósa frá fornu fari, en hún var hjáleiga í landi Hjarðarholts eins og Hrappsstaðir. Hjarðarholt var ríkisjörð og prestssetur.

Aðalstefnandi kveðst alltaf hafa gert ráð fyrir því sem vísu, að svokallaður Brekkuhöfði væri höfði sá, sem gengur í sjó fram skammt fyrir norðan Búðardalskaupþún. Hann kveðst hins vegar hafa orðið þess var fyrir nokkrum árum, að fyrirsvarsmenn gagnstefnanda hafi verið annarrar skoðunar og teldu, að Brekkuhöfði væri inni í landi, allfjarri sjó. Af þeim sökum kveðst aðalstefnandi hafa óskað eftir afstöðu gagnstefnanda til málsins árið 1986. Erindi hans hafi verið tekið fyrir á fundi hreppsnefndar Laxárdalshrepps 12. janúar 1987, sem svarað hafi aðalstefnanda með bréfi, dagsettu 22. september 1987. Hreppsnefnd hafi þar lýst yfir, að hún teldi Brekkuhöfða vera þar, sem sorphaugar Búðardals hefðu verið fram til ársins 1984.

Aðalstefnandi kveðst hafa mótmælt þessum skilningi hreppsnefndar Laxárdalshrepps með bréfi, dagsettu 30. september 1987, og aftur 9. október 1987.

Að ósk aðalstefnanda var málið tekið fyrir hjá sýslumanni Dalasýslu 30. nóvember 1987. Dómur féll 28. september 1988. Hafnaði dómurinn kröfum beggja málsaðila, og hljóðaði dómsorðið svo: „Landamerkjalinna milli jarðanna Hrappsstaða og Fjósa í Laxárdalshreppi, Dalasýslu, frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar er ákveðin samkvæmt uppdrætti Bjarna Johansen byggingartæknifræðings, dags. í ágúst 1988, þ. e. bein lína frá Digruvörðu, merktri D á nefndum uppdrætti, í gamlan girðingarstaur, merktan C á sama uppdrætti, á sjávarbakka; lína þessi skiptir löndum allt til sjávar. . .“. Dómi þessum var áfrýjað og gagnáfrýjað. Með dómi 26. september 1991 ómerkti Hæstiréttur héraðsdóm vegna réttarfarsannmarka.

IV.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar á því, að Brekkuhöfði sé sá höfði, sem gengur í sjó fram við Hvammsfjörð. Jafnframt lýsir hann því, að leggja verði til grundvallar landamerkjum jarðanna Fjósa og Hrappsstaða þinglesið landamerkjabréf jarðarinnar Hrappsstaða, sem undirritað sé af páverandi eigendum hlutaðeigandi jarða, þ. e. eiganda Hjarðarholts og umráðamanni Fjósa, eiganda Hrappsstaða, eiganda Sauðhúsa og eiganda Höskuldssstaða. Þessi gerningur hafi aldrei verið vefengdur, og hljóti hann því að ráða landamerkjum Fjósa og Hrappsstaða, enda hafi landamerkjum þessara jarða aldrei verið breytt.

Aðalstefnandi telur, að landfræðilega fái það ekki staðist, að Brekkuhöfði sé þar, sem gagnstefnandi haldi fram, þ. e. punktur E. Svæði það, sem merkt sé E á dskj. nr. 29, hafi fyrrum verið örfoka melur, sem að vísu hafi eilítið gróið hin seinni ár, en sáð hafi verið í hann árið 1984. Ekki sé unnt að gefa mel þessum sérstakt heiti eða örnefni og alls ekki örnefni, sem hafi orðmyndina höfða, enda sé ekkert á mel þessum, sem minni á höfða. Orðmyndin höfði bendi hins vegar eindregið til þess, að um sé að ræða kennileiti við sjó.

Í afsali til aðalstefnanda áskilji afsalsgjafi, Friðjón Þórðarson, að aðalstefnandi leyfi íbúum Búðardals að aka sorpi og öðrum úrgangi „inn á landsvæði í Hrappsstaðalandi neðan Vesturlandsvegar“. Þetta sé það svæði, sem merkt sé E á dskj. nr. 30. Dómskjal nr. 16 vísi einnig til þessa sama svæðis, en þar samþykki hreppsnefnd Laxárdalshrepps að fela sveitarstjóra að ræða við aðalstefnanda um sorpeyðingu í landi hans. Bersýnilegt sé af þessum tveimur skjölum, að fyrrverandi eigandi Hrappsstaða og hreppsnefnd Laxárdalshrepps hafi í árslok 1959 talið þetta svæði vera í landi Hrappsstaða.

Í útboðs- og verklýsingu gagnstefnanda vegna landbrotsvarna frá því í október 1983 sé rætt um grjótnám úr klettastáli í Brekkuhöfða. Telur aðalstefnandi, að ekki fari á milli mála, að hér sé átt við stað, sem merktur sé sem punktur A á dskj. nr. 29 og 30, enda sé ekkert grjótnám eða klettastál á melnum, sem merktur sé punktur E. Samkvæmt þessu hafi gagnstefnandi þá talið, að Brekkuhöfði væri þar, sem punktur A sé á dskj. nr. 30.

Aðalstefnandi vísar einnig til þess, að af dskj. nr. 4, þar sem landamerki hjáleigunnar Fjósa séu greind, verði ráðið, að átt sé við punkt A á dskj. nr. 30. Mörk jarðarinnar séu m. ö. o. Laxá til sjávar og síðan meðfram sjó, Hvammsfirði, að Brekkuhöfða. Kennileitið Brekkuhöfði hljóti því að vera við sjóinn, því að annars væri ekki hægt að lýsa merkjum jarðarinnar með þessum hætti.

Í lýsingu Sigtryggs Jónssonar, eiganda Hrappsstaða í 41 ár, á örnefnum í landi Hrappsstaða segi m. a.: „... Við Hvammsfjörð er móti Fjósalandi lágur klettahöfði, sem heitir Brekkuhöfði (15), grasi vaxinn að ofan.“ Þarna komi fram sú skoðun, að Brekkuhöfði sé við sjó.

Þá heldur aðalstefnandi því einnig fram, að auðvelt sé að reikna út með samanburði á dskj. nr. 5, 6 og 7, að Brekkuhöfði sé punktur A á dskj. nr. 30.

Á dskj. nr. 6, sem sé lóðarsamningur milli sóknarprestsins í Hjarðarholti og verslunar Sigurðssona í Búðardal um verslunarstöð í Búðardal, segi svo m. a.: „... Jeg, Ólafur Ólafsson, leigi verslun Sigurðssona lóð þá af Fjósa-

landi, ...að austan og vestan milli brúna hins eiginlega Búðardals, svo hátt upp ...“

Á dskj. nr. 7, sem sé lóðarsamningur milli sóknarprestsins í Hjarðarholti og Páls kaupmanns Ólafssonar í Búðardal um verslunarlóð í Búðardal og land til ræktunar og dagsettur 1. nóvember 1913, segi svo m. a.: „... Jeg, Ólafur Ólafsson, sóknarprestur í Hjarðarholti, og jeg, Páll Ólafsson, gjörum með okkur svofelldan samning um verslunarstöð í Búðardal: Jeg, Ólafur Ólafsson, leigi Páli Ólafssyni lóð þá af Fjósalandi, er áður hafði Kristján kaupmaður Jónsson og sem nær að utanverðu frá lóð verslunar Sigurðssona inn að svonefndum Brekkuhöfða, 120 faðma upp frá stórstraumsflæðarmáli ... Lóðin er öll 39000 faðmar að flatarmáli, byggð og óbyggð...“

Samkvæmt þessu fái ekki staðist, að Brekkuhöfðinn sé þar, sem punktur E sé á dskj. nr. 30, eins og sjá megí af útreikningi og mælingu mælingamanns á fjarlægðum og færð eru inn á uppdrátt á dskj. nr. 31.

Gagnstefnandi styður dómkröfur sínar aðallega lýsingu í fram lögðu landamerkjabréfi Hrappsstaða á dskj. nr. 11, þar sem talað sé um sjónhendingu úr Digruvörðu í Brekkuhöfða. Almennt sé viðurkennt, að þegar talað sé um sjónhendingu milli tveggja staða, sjáist á milli þeirra. Þessu til stuðnings vísar gagnstefnandi til rits Haralds Matthíassonar, Landið og landnám, þar sem segi m. a. (tekið upp úr greinargerð gagnstefnanda í aðalsök): „... Góð lýsing á ákvörðun landamerkja er í Valla-Ljóts sögu: „Hann skipti löndum ok tekr sjónhending í stein nökkurn, en ór steininum ok í ána ... ok skar þar upp torfu eða jarðkross ok mælti: „Svá kann ek at gera landaskipti.““ Hér er verið að lýsa merkjagöngu. Slík aðferð hefur verið höfð, þegar engin kennileiti hafa verið til að miða við, setja jarðkross eða annað merki og taka sjónhendingu, þ. e. beina línu milli staða, sem sáust hver frá öðrum, svo sem jafnan hefur verið gert síðan.“

Kveður gagnstefnandi, að þegar landamerkjalína milli Digruvörðu og sjávar hafi verið ákveðin, hafi þurft millimerki til þess að ákvarða línuna til sjávar, þar sem við sjóinn sé ekkert kennileiti. Millimerki þetta sé Brekkuhöfði á þeim stað, sem gagnstefnandi haldi fram. Eins og aðalstefnandi staðsetji Brekkuhöfða, sjáist hann ekki frá Digruvörðu, þar sem leiti ber þar á milli. Hefði þá þurft eitthvert millimerki á leitið, sem byrgi sýn til Brekkuhöfða, eða endamerki landamerkjalýsingarinnar hefði verið handan Hvammsfjarðar eins og algengt sé við slíkar aðstæður.

Enn fremur skírskotar gagnstefnandi til þess, að í örnefnalýsingu Jóhanns Bjarnasonar, dskj. 34, segi m. a.: „...síðan sjónhending í Brekkuhöfða, sem er klettahöfði, grasi gróinn að ofan. Hann ber hæst frá Fjósum séð í átt til Ásgarðs“. Samkvæmt skilningi aðalstefnanda gangi Brekkuhöfði út í sjó og sjáist ekki frá Fjósum.

Einnig vekur gagnstefnandi athygli á því, að örnefnið Brekkuhöfði sé mjög lýsandi fyrir það kennileiti, sem hann telur, að miða beri við. Þar sé um að ræða hæðardrag, sem halli aflíðandi til sjávar. Þá bendir hann og á örnefnið Brekkuhvamm í þessu samhengi, sem sé vestan og neðan við mældrag það, sem hann miði kröfur sínar við.

Loks vitnar gagnstefnandi til staðfests vottorðs Jóns og Sigurbjörns Sigtryggssona og yfirlýsingar Friðjóns Þórðarsonar, en þeir staðfesti allir, að Brekkuhöfði sé þar, sem punktur E sé merktur í uppdrátt á dskj. nr. 30.

Til stuðnings varakröfu sinni bendir gagnstefnandi á, að aðalstefnandi hafi látið átölulaust, að gagnstefnandi nytjaði hið umdeilda land með úthlutun lóða undir grasbýli og sorpeyðingu.

V.

Af gögnum málsins verður ráðið, að ágreiningur hefur ekki verið uppi um landamerki jarðanna Hrappsstaða og Fjósa, fyrr en aðalstefnandi hugðist afhenda jörðina til ábúðar. Var skorið úr um landamerki jarðanna með dómi aukadómþings Dalasýslu 26. september 1988, en sá dómur var ómerktur af Hæstarétti, eins og áður segir.

Enda þótt ágreiningur hafi verið um landamerki að hinu umdeilda svæði, hefur fátt knúið á um úrlausn dómstóla um þau, þar sem það hefur nær eingöngu verið nýtt til urðunar sorps fyrir Búðardalskaupþún og hluta landsins úthlutað undir grasbýli.

Ágreiningur máls þessa snýst eingöngu um staðsetningu Brekkuhöfða.

Hinn 30. september 1994 og 5. júlí 1995 fór fram vettvangsganga og staðhættir kannaðir.

Umdeilt svæði er misgróið land upp frá Hvammsfirði, fremst allhár bakki með klettamyndunum syðst eða næst Búðardal. Af þeim kennileitum, sem hér um ræðir, gengur í sjó fram um flæði klettamyndun, sem aðalstefnandi telur réttnefndan Brekkuhöfða og þar með endapunkt á landamerkjalinu, dreginni frá Digruvörðu í punkt A. Upp frá sjávarbökkum skiptast á grasmóar og klapparholt allt til Digruvörðu. Eftir því sem ofar dregur, verður gróðurfur rýrara, og nokkuð fyrir neðan Vesturlandsveg er nær gróðurlaus bunga eða melkollur, og er þar sá staður, sem gagnstefnandi telur hinn rétta Brekkuhöfða, punkt E.

Við sölu jarðarinnar Hrappsstaða til aðalstefnanda var ekki gengið á merki. Hins vegar kvað aðalstefnandi við yfirheyrslur hér fyrir dómi, að hann hefði vitað af girðingu á þessu svæði, en ekki talið það vera landamerkjagirðingu. Girðingin hefði verið sett þarna af umráðamönnum þessara jarða, þ. e. Fjósa og Hrappsstaða, þar sem þarna væri besta girðingarstæðið.

Friðjón Þórðarson, sem seldi aðalstefnanda jörðina, bar fyrir dómi, að Brekkuhöfði væri þar, sem punktur E er merktur á nefndum uppdrætti.

Í örnefnalýsingu Jóhanns Bjarnasonar fyrir Fjósa, sem áður er getið, segir svo m. a.: „...Bærinn stendur á hryggnum í tungu þeirri í Laxárdal norðanverðum ... þá í Digruvörðu, sem er á miðju hálstaglinu, rétt ofan við Búðardalsþorp ... Síðan sjónhending í Brekkuhöfða, sem er kletthöfði, grasi gróinn að ofan. Hann ber hæst frá Fjósum séð í átt til Ásgarðs. Sunnan við Brekkuhöfða er smáhvammur, sem heitir Brekkuhvammur...“. Er farið var á vettvang, var ekki hægt að sjá út til Ásgarðs frá þeim stað, er bærinn Fjósar er talinn hafa staðið, þar sem byggingar voru í sjónlínu. Síðar segir í sama skjali: „En frammi við sjó, út og niður af Brekkuhöfða, er rani með klettum framan í og urð undir; heitir þar Klif.“

Í fram lagðri örnefnaskrá yfir Hrappsstaðaörnefni er getið um Brekkuhöfða, en þar segir: „... Við Hvammsfjörð er móti Fjósalandi lágur kletthöfði, sem heitir Brekkuhöfði, grasi vaxinn að ofan.“

Í orðsendingum heilbrigðisnefndar Laxárdalshrepps til Búðdælinga er getið um Brekkuhöfða, en þar segir m. a.: „...Samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþykktar Laxárdalshrepps er hér með lagt fyrir alla húsráðendur í Búðardal og umráðamenn lóða, hvort sem byggðar eru eða óbyggðar, að framkvæma gagngerða hreinsun á lóðum sínum, og skal því lokið eigi síðar en 17. júní 1967. – Ruslið ber að flytja í sorpgryfjurnar við Brekkuhöfða.“ Heilbrigðisnefnd staðsetur hér Brekkuhöfða, þar sem sorphaugar Búðardals voru fram til ársins 1984, nálægt punkti E. Brekkuhöfði er sagður á sama stað í orðsendingu nefndarinnar frá 25. maí 1962, þar sem segir: „...Sérstaklega eru menn áminntir um að kveikja í bréfarusli og öðru því, sem fokið getur og flutt er í sorpgirðinguna á Brekkuhöfða, ...“

Jón Sigtryggsson og Sigurbjörn Sigtryggsson, sem ólust upp á Hrappsstöðum, báru fyrir dóminum, að Brekkuhöfði væri í sjónlínu frá Digruvörðu. Landamerkjagirðing milli Hrappsstaða og Fjósa hefði verið girt til hliðar við höfðann, þar sem það hefði verið þægilegra en yfir kletthöfðann sjálfan. Sigurbjörn taldi, að Brekkuhöfðinn væri í punkti E á uppdrættinum. Jón taldi hins vegar Brekkuhöfða vera þar, sem sorphaugar eru merktir á sama uppdrætti, rétt vestan við punkt E.

Prúður Kristinsdóttir, sem búið hefur í Búðardal frá árinu 1962, taldi Brekkuhöfða vera þar, sem hæst ber fyrir innan þorpið. Hún staðsetti Brekkuhöfða á uppdrættinum á sama stað og vitnið Jón. Kvaðst hún hafa þessa þekkingu sína frá eldra fólki í þorpinu, er hún hefði verið að taka saman sögu um byggð í Búðardal fyrir nokkuð mörgum árum.

Eins og að framan greinir, eru menn ekki sammála um, hvar Brekku-

höfði er. Í helstu heimild um landamerki jarðanna, landamerkjabréfi Hrappsstaða, eru tilgreind landamerki jarðanna. Aðilar málsins eru sam-mála um þar greind kennileiti önnur en staðsetningu Brekkuhöfða.

Það er álit dómsins, að staðsetning Brekkuhöfða ráðist af skýringu á orð-inu „sjónhending“. Orðið sjónhending er skýrgreint í Orðabók Menningar-sjóðs sem bein lína milli tveggja staða. Algengast er, að orðið sjónhending sé notað til að lýsa beinni línu milli tveggja staða, sem sér á milli. Hins veg-ar eru dæmi til um, að orðið sjónhending hafi verið notað til að lýsa beinni línu milli tveggja staða, þótt ekki sæist milli þeirra.

Í landamerkjabréfi Hjarðarholts í Laxárdal, sem fært var í landamerkja-bók Dalasýslu 11. júní 1890 og frammi liggur í málinu, segir svo m. a.: „...Hjarðarholt á heimaland allt með 4 byggðum hjáleigum, Vígholtsstöð-um, Spágilsstöðum, Fjósum og Hrappsstöðum, innan þessara ummerkja ... upp í Ljósaskarð, í vörðu þá, er þar stendur, síðan þaðan sjónhending norð-ur yfir hálsinn í þann klett eða vörðu, er Maður er kallaður...“

Vitnið Gísli S. Þórðarson, bóndi á Spágilsstöðum, gaf þá yfirlýsingu, að á milli þessara staða sæist ekki.

Í landamerkjabréfi Hrappsstaða er orðið sjónhending notað á tveimur stöðum, annars vegar um línu frá Digruvörðu í Brekkuhöfða og hins vegar um landamerkjalínu milli Hjarðarholts og Hrappsstaða, þar sem segir: „... Úr Laxá í stóran stein framanvert úr Rjúpnalág, þaðan sjónhending í Brekkubarðið fyrir framan túnið...“ Dómurinn hefur staðreynt, að það sést milli þessara tveggja síðast töldu staða.

Það er álit dómsins, að nær óhugsandi sé, að sjónhending sé í sama landamerkjabréfi ólíkrar hugtakamerkingar. Sjónlína er frá Digruvörðu í punkt merktan E á fram lögðum uppdrætti, en ekki í punkt merktan A á sama uppdrætti.

Framangreindur vitnaframburður styður og þá fullyrðingu gagnstefn-anda, að Brekkuhöfði sé þar, sem punktur E er merktur á dskj. nr. 30.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar að mestu á útreikningi mælinga Bjarna Johansen, en þær veita ákveðna vísbendingu í þá átt, að Brekkuhöfði sé þar, sem hann miðar við, þ. e. í punkti A.

Hins vegar lítur dómurinn svo, á að framburður Friðjóns Þórðarsonar, seljanda jarðarinnar, og Jóns og Sveinbjörns Sigtryggssona svo og notkun hugtaksins í landamerkjabréfi jarðarinnar vegi þyngra.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður að telja réttan þann skiln-ing á landamerkjalýsingu, sem fram kemur í kröfugerð gagnstefnanda og aðalstefnda. Verða því aðalkröfur hans í gagnsök teknar til greina og landa-merki jarðanna Hrappsstaða og Fjósa frá Digruvörðu að sjó dregin þannig:

Bein lína úr Digruvörðu, punkti D, í gegnum punkt E, Brekkuhöfða, og þaðan í punkt merktan B, þar sem landamerki koma í sjó.

Dómurinn lagði fyrir lögmenn málsaðila að láta hnitasetja punkta þá, sem færðir eru inn á dómskjal nr. 30.

Samkvæmt dómskjali nr. 51 hafa þeir verið hnitasettir í hnita- og hæðarkerfi vegagerðarinnar, þar sem ekki er til hnitsetning fyrir Búðardal í lands-hnitakerfi.

Í dómsorði eru hnitasettir punktar þeir, sem dómurinn hefur ákveðið.

Eins og málum er háttað, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Hervör Þorvaldsdóttir, Skúli J. Pálmason og Halldór Halldórsson héraðsdómarar.

D ó m s o r ð:

Landamerki jarðanna Hrappsstaða og Fjósa, Dalabyggð, Dalasýslu, frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar skulu ákveðin eftir beinni línu, sem mörkuð er á meðfylgjandi uppdrátt: frá Digruvörðu (D; $x=100049$, $y=199809$), gegnum punkt merktan (E; $x=100172$, $y=200048$), til punkts merkts (B; $x=100284$, $y=200268$) á meðfylgjandi uppdrætti.

Málskostnaður fellur niður.
